

Eftirfylgni
stjórnsýsluúttekta
ársins 2005

Júní 2009

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	3
1. LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS. ÁRANGUR 1999–2004.	
STJÓRNSÝSLUÚTTEKT.....	4
2. ÞJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐA. STJÓRNSÝSLUÚTTEKT.....	5
3. HEILBRIGÐISSTOFNUNIN Á BLÖNDUÓSI. STJÓRNSÝSLUÚTTEKT.....	8
4. HÁSKÓLI ÍSLANDS. STJÓRNSÝSLUÚTTEKT.....	10

Inngangur

Samkvæmt 9. gr. laga um Ríkisendurskoðun felst stjórnsluendurskoðun í því að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni er gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum er framfylgt í því sambandi. Ríkisendurskoðun skal vekja athygli á því sem hún telur að úrskaiðis hafi farið í rekstri og benda á leiðir til úrbóta.

Hverri stjórnsluúttekt er fylgt eftir með athugun á því hvernig brugðist hefur verið við ábendingum hennar. Slík eftirfylgni fer fram þegar um það bil þrjú ár eru liðin frá útgáfu skýrslu og er liður í mati á árangri stjórnsluendurskoðunar. Árangur er metinn út frá því hvort telja megi óyggjandi að ábending hafi verið framkvæmd.

Árið 2008 var eftirtöldum fjórum úttektum frá árinu 2005 fylgt eftir með framangreindum hætti:

Landspítali - háskólasjúkrahús. Árangur 1999–2004. Stjórnsluúttekt.

Þjónusta við aldraða. Stjórnsluúttekt.

Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi. Stjórnsluúttekt.

Háskóli Íslands. Stjórnsluúttekt.

Fjöldi ábendinga:	33
Framkvæmdar:	17
Framkvæmdar að hluta:	12
Ekki framkvæmdar:	4

Samtals voru settar fram 33 ábendingar í þessum skýrslum. Af þeim taldi Ríkisendurskoðun að 17 (52%) hefðu verið framkvæmdar að fullu, 12 (36%) að hluta en 4 (12%) hefðu ekki verið framkvæmdar.

Í ársskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2008 eru birtar tölur um niðurstöður eftirfylgni sem ber ekki fyllilega saman við framangreindar tölur. Ástæðan er sú að þegar ársskýrslan var í vinnslu lágu einungis fyrir bráðabirgðatölur sem breyttust eftir frekari úrvinnslu gagna.

1. Landspítali - háskólasjúkrahús. Árangur 1999–2004. Stjórnsýsluúttekt.

Ríkisendurskoðun lauk stjórnsýsluúttekt sinni á Landspítala – háskólasjúkrahúsi (LSH) í desember 2005. Þar kom m.a. fram að rekstrarkostnaður hafði nánast staðið í stað að raungildi á tímabilinu 1999–2002 eða frá því að Ríkisspítalarnir og Sjúkrahús Reykjavíkur voru sameinuð. Verulegur árangur hafði náðst í því að flytja þjónustu af legudeildum til dag- og göngudeilda og afköst, mæld í fjölda meðferða, höfðu aukist í heild um 9% á tímabilinu. Á sama tíma hafði stöðugildum fækkað þannig að skilvirkni vinnuafls hafði aukist um 12,6 samkvæmt mælingu Ríkisendurskoðunar. Hins vegar var í skýrslunni bent á að enn hefði ekki verið mótuð stefna um verkaskiptingu innan heilbrigðiskerfisins og kæmi það í veg fyrir að ávinningar sameiningar skilaði sér að fullu.

Ríkisendurskoðun benti á ýmislegt sem betur mætti fara. Ábendingum var einkum beint til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins (nú heilbrigðisráðuneyti).

Markmið þessarar athugunar var að kanna hvernig hefði verið brugðist við ábendingum Ríkisendurskoðunar. Upplýsinga var aflað hjá heilbrigðisráðuneytinu.

Fjöldi ábendinga: 6

Framkvæmdar: 3

Framkvæmdar
að hluta:

Ríkisendurskoðun telur að 3 ábendingar af 6 hafi verið framkvæmdar og 3 að hluta.

Ábendingar 2005

Viðbrögð

Mat 2008

1. Lagt er til að mótuð verði heildarstefna þar sem hlutverk þjónustuveitenda í heilbrigðiskerfinu verði skilgreint.

Í lögum nr. 40/2007 eru hugtökin heilbrigðisþjónusta og heilbrigðisumdæmi skilgreind og kveðið á um hvers konar þjónusta skuli veitt á heilsugæslustöðvum, heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum. LSH og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA) hafa heimild til að gera samninga við aðrar stofnanir eða heilbrigðisstarfsmenn um rekstur á ákveðnum þáttum almennrar og sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu.

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.

2. Lagt er til að verksvið LSH og FSA verði endurskilgreind með tilliti til breyttra þjóðfélagsaðstæðna.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu eru verksvið og hlutverk LSH og FSA skilgreind með skýrum hætti.

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.

Ábendingar 2005	Viðbrögð	Mat 2008
3. Lagt er til að starfi nefndar sem sett var á fót árið 2005 og hafði það hlutverk að móta framtíðarstefnu LSH verði lokið.	<i>Vinna við mótun framtíðarstefnu LSH er langt komin.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</i>
4. Lagt er til að gengið verði frá skipulagi framkvæmda vegna byggingar nýs sjúkrahúss og að fjármögnun verkefnisins verð tryggð.	<i>Árið 2005 var efnt til samkeppni um skipulag framkvæmda við nýtt háskólasjúkrahús. Teymi danskra hönnuða varð hlutskarpast og lauk það frumathugun verkefnisins í febrúar 2008. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur skilað umsögn um þessa athugun og er nú beðið samþykkis fjármálaráðuneytisins til að unnt sé að hefja gerð verkáætlunar. Á fjárlögum ársins 2009 var veitt fé vegna vinnu við hönnun sjúkrahússins en frekari fjármögnun verkefnisins er í nokkurri óvissu eftir að lög um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands voru felld úr gildi í árslok 2008.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</i>
5. Lagt er til að eftirlit með gæðum þjónustu og ánægju sjúklinga verði aukið.	<i>Í ágúst 2007 tók gildi reglugerð um eftirlit landlæknis með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarks-kröfur. Í desember 2008 tók gildi reglugerð um gerð gæðavisa sem notaðir eru til að meta gæði og árangur innan heilbrigðisþjónustunnar. Landlæknisembættið sinnir eftirlitshlutverki sínu m.a. með því að gera skipulegar úttektir á heilbrigðisstofnunum. Markmið þeirra er að tryggja gæði þjónustunnar og hvetja til umbóta. Niðurstöður úttekta eru sendar framkvæmdastjórn með tillögum til úrbóta og þeim fylgt eftir að nokkrum mánuðum liðnum. Þá kallar embættið eftir upplýsingum um biðlista þrisvar sinnum á ári og vinnur úr þeim.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>
6. Lagt er til að gengið verði frá lokahluta samningsins um framlög vegna kennslu við LSH og að sá kostnaður verði skilgreindur sem menntakostnaður þannig að fjárveiting komi frá menntamálaráðuneyti.	<i>Á árunum 2006 og 2007 vann LSH skýrslur um menntakostnað spítalans og voru þær kynntar ráðuneytum heilbrigðis- og menntamála og fulltrúum Háskóla Íslands. Í árslok 2008 óskaði heilbrigðisráðuneytið eftir að LSH tilnefndi fulltrúa í nefnd sem fjalla á um menntakostnað spítalans.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</i>

2. Þjónusta við aldraða. Stjórnsýsluúttekt

Ríkisendurskoðun lauk úttekt sinni á þjónustu við aldraða í október 2005. Þar kom fram að framboð hjúkrunar-, dvalar- og dagvistarrýma var mjög misjafnt eftir landshlutum og oft í litlu samhengi við þörfina fyrir þau. Töluverður munur reyndist einnig vera milli stofnana á þjónustu og aðstöðu sem öldruðum stóð til boða. Opinberir aðilar höfðu heldur ekki skilgreint hvernig öldrunarheimilum bæri að standa að vali fólks sem tekið er inn af biðlistum. Þá taldi Ríkisendurskoðun þó nokkuð vanta upp á að opinber markmið um þessa þjónustu hefðu náð fram að ganga.

Ríkisendurskoðun benti á ýmislegt sem betur mætti fara. Ábendingum var einkum beint til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins (nú heilbrigðisráðuneyti) en þess má geta að málaflokkurinn færðist þaðan til félags- og tryggingamálaráðuneytisins í ársbyrjun 2008.

Fjöldi ábendinga:	10	Markmið þessarar athugunar var að kanna hvernig hefði verið brugðist við
Framkvæmdar:	4	ábendingum Ríkisendurskoðunar. Upplýsinga var aflað hjá heilbrigðis-
Framkvæmdar að hluta:	4	ráðuneytinu.
Ekki framkvæmdar:	2	Ríkisendurskoðun telur að 4 ábendingar af 10 hafi verið framkvæmdar, 2 ekki en 4 að hluta.

Ábendingar 2005	Viðbrögð	Mat 2008
1. Lagt er til að stjórnvöld haldi áfram að marka stefnu í öldrunarmálum og þrói nánar og endurskoði þær áætlanir sem gerðar hafa verið í þessum málaflökki.	<i>Áhersla hefur verið lögð á að styrkja stöðu aldraðra með einföldun almannatryggingakerfisins. Hraðað verður uppbyggingu 400 hjúkrunarrýma fyrir aldraða og einbýlum fjölgað. Áætlanir í þessum málaflökki hafa verið endurskoðaðar og þróaðar með nýjum lögum. Hvíldar- og hjúkrunar-rymum fjölgaði að meðaltali um 58 á ári á tímabilinu 2005–2007 og gerð hefur verið áætlun um uppbyggingu hjúkrunarrýma.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>
2. Lagt er til að misræmi milli landshluta hvað varðar framboð öldrunarrýma verði leiðrétt.	<i>Áætlanir um fjölgun hjúkrunarrýma gera ráð fyrir að fjölgunin verði mest á höfuðborgarsvæðinu.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</i>
3. Lagt er til að stjórnvöld sýni meira frumkvæði við uppbyggingu öldrunarheimila.	<i>Ráðuneytið hefur gert áætlun um uppbyggingu öldrunarheimila.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>

Ábendingar 2005

Viðbrögð

Mat 2008

<p>4. Lagt er til að vandi þeirra aldraðra sem dvelja á Landspítala - háskólasjúkrahúsi verði leystur.</p>	<p><i>Landspítali – háskólasjúkrahús hefur gert samninga við nokkur hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu og heilbrigðisstofnanirnar á Akranesi, Suðurlandi, Suðurnesjum ásamt St. Jósefsspítala í Hafnarfirði um að taka við sjúklingum sem þurfa á endurhæfingu og eftirmeðferð að halda.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</i></p>
<p>5. Lagt er til að sett verði markmið um hlutfall aldraðra sem njóta eiga félagslegrar heimaþjónustu og heima-hjúkrunar og hve mikla þjónustu eigi að veita þeim.</p>	<p><i>Ekki hafa verið sett bein markmið um hlutfall aldraðra sem eiga að njóta þjónustunnar né um magn hennar.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</i></p>
<p>6. Lagt er til að stjórnvöld setji fram kröfur um lágmarksþjónustu öldrunarheimila sem rekin eru fyrir opinber framlög.</p>	<p><i>Í nýlegum reglugerðum og skilmálablöðum fyrir hjúkrunar-, dvalar- og dagvistarrými koma fram kröfur um lágmarksgæði þjónustu og aðbúnaðar íbúa á öldrunarheimilum.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i></p>
<p>7. Lagt er til að skoðaðar verði kostnaðarforsendur daggjalda sem hjúkrunarheimili fá greidd samkvæmt útreiknaðri umönnunarþörf vistmanna.</p>	<p><i>Kostnaðarforsendur daggjalda hafa verið skoðaðar og bornar saman við raunkostnað hjúkrunarrýma á árunum fyrir 2007. Kostnaðarforsendur hafa ekki verið bornar saman við raunkostnað fyrir árin 2007 og 2008.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</i></p>
<p>8. Lagt er til að ráðuneytið fylgi því eftir að öll dvalarheimili meti ástand og umönnunarþörf vistfólks á hverju ári, eins og tilskilið er, og skili upplýsingum um matið til ráðuneytisins.</p>	<p><i>Um 60–70% dvalarheimila meta umönnunarþörf vistfólks á hverju ári og skila mati í gagnabanka.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</i></p>
<p>9. Lagt er til að kannað verði hvort fækka eigi þjónustuhóp-um aldraðra og veita þeim betri fræðslu í aðferðum sem notaðar eru við að meta einstaklinga.</p>	<p><i>Vistunarmatshópum hefur verið fækkað og verksvið þeirra endurmetið, fagkröfur samræmdar og auknar og hóparnir færðir undir stjórn og eftirlit Landlæknis.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i></p>
<p>10. Lagt er til að skráning og úrvinnsla upplýsinga um heimahjúkrun verði bætt.</p>	<p><i>Samskipti heimahjúkrunar eru skráð í sjúkraskrárkerfinu Sögu og er mögulegt að fá margvíslegar upplýsingar um þjónustuna úr því.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</i></p>

3. Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi. Stjórnsýsluúttekt.

Ríkisendurskoðun lauk stjórnsýsluúttekt sinni á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi í ágúst 2005. Fram kom að skilvirkni heilsugæslu og sjúkradeilda stofnunarinnar væri í meðallagi miðað við sambærilegar stofnanir hér á landi. Tekist hefði að laga starfsemi stofnunarinnar að þeim fjárhagslega ramma sem henni hefði verið settur en bent var á að ósamræmis gætti í framlögum til heilbrigðisstofnana. Þá taldi Ríkisendurskoðun að stefna um aukið framboð fjar- og farlækninga á landsbyggðinni hefði ekki að fullu náð fram að ganga.

Ríkisendurskoðun benti á ýmislegt sem betur mætti fara. Ábendingum var einkum beint til Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins (nú heilbrigðisráðuneyti).

Fjöldi ábendinga:	10	Markmið þessarar athugunar var að kanna hvernig hefði verið brugðist við ábendingum Ríkisendurskoðunar. Upplýsinga var aflað hjá heilbrigðisráðuneytinu og Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi.
Framkvæmdar:	5	
Framkvæmdar að hluta:	3	
Ekki framkvæmdar:	2	Ríkisendurskoðun telur að 5 ábendingar af 10 hafi verið framkvæmdar, 2 ekki en 3 að hluta.

Ábendingar 2005	Viðbrögð	Mat 2008
1. Lagt er til að raunkostnaður dvalardeildar verði bókfærður með þeim hætti að fram komi meintur halli á rekstri hennar.	<i>Auðvelt er að greina kostnað vegna dvalardeildar frá öðrum kostnaði stofnunarinnar.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>
2. Lagt er til að greindar verði ástæður þess að kostnaður sumra rekstrarþátta hjá Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi er hærri en sömu þátta hjá sambærilegum stofnunum.	<i>Kostnaðargreining fjölmargra rekstrarþátta hefur farið fram og ljóst er hverjar ástæðurnar eru.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>
3. Lagt er til að kostnaður vegna lækna verði bókaður í samræmi við það hvernig kraftar þeirra skiptast milli sjúkradeilda og heilsugæslu.	<i>Kostnaður vegna lækna er bókaður þar sem hann fellur til.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>
4. Lagt er til að forsendur fjárfirlaga til heilbrigðisstofnana verði endurskoðaðar til að tryggja jöfnuð milli stofnana. Framlög verði samræmd eftir rýmafjöldi, magni þjónustu, ákveðnu framlagi á íbúa eða kostnaðarlíkani.	<i>Í fjárlögum ársins 2007 var fjárveiting til heilbrigðisstofnana byggð á reiknilíkani ráðuneytisins sem tekur tillit til rýmafjölda, starfsemi og þjónustu, íbúafjölda og í ákveðnum tilvikum séraðstæðna einstakra stofnana.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>

Ábendingar 2005	Viðbrögð	Mat 2008
5. Lagt er til að ráðuneytið beiti sér fyrir því að bókhaldsupplýsingar og starfsemistölur verði samræmdar til að tryggja samanburðarhæfni upplýsinga.	<i>Upplýsingar í Sögukerfinu um starfsemi stofnana hafa verið samræmdar og mynduð hafa verið teymi starfsmanna sem fulltrúi ráðuneytisins vinnur með. Kallað hefur verið eftir upplýsingum frá stofnunum um starfsemi heilsugæslustöðva sem á að setja á heimasíðu ráðuneytisins, m.a. til samanburðar.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</i>
6. Lagt er til að kostnaður vegna hjúkrunarrýma verði færður sérstaklega í bókhaldi.	<i>Framlög til hjúkrunarrýma eru sérstaklega tilgreind í fjárlögum. Stofnanir leitast við að bókfæra kostnað við reksturinn á það svið þar sem hann fellur til. Hjá nokkrum stofnunum er óskýr aðgreining starfa á sjúkrasviði og við hjúkrunarrýmin.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</i>
7. Lagt er til að kostnaður verði bókfærður á helstu þjónustutegundir og magn þeirra mælt með samræmdum hætti þannig að unnt sé að reikna út einingarkostnað og bera hann saman milli stofnana.	<i>Ráðuneytið skoðar í flestum tilvikum og ber saman heildarkostnað stofnana og kostnað einstakra sviða. Einnig eru gerðar úttektir á einstökum bókhaldsliðum.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</i>
8. Horft verði til þess að skipuleggja starfsemi á stærra þjónustusvæði en hver heilbrigðisstofnun spannar nú.	<i>Landinu hefur verið skipt í sjö heilbrigðisumdæmi. Samkvæmt reglugerð um heilbrigðisumdæmi skulu heilbrigðisstofnanir innan umdæmanna hafa samráð um skipulag þjónustunnar.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>
9. Lagt er til að mönnunarlisti vegna gæsluvakta lækna frá árinu 2000 verði endurskoðaður.	<i>Upplýsingum um mönnun gæsluvakta hefur ekki verið safnað frá árinu 2000.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</i>
10. Lagt er til að framboð á sérfræðiþjónustu lúti stjórn heimamanna á hverjum stað sem tryggja mætti með samning TR við sjálfstætt starfandi sérfræðinga.	<i>Ekki hafa verið gerðar breytingar í tengslum við samninga við sjálfstætt starfandi sérfræðinga sem miða að því að þjónustan sé í ríkari mæli veitt á landsbyggðinni og hefur þjónustan og fyrirkomulag hennar verið með svipuðu sniði undanfarin ár.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</i>

4 Háskóli Íslands. Stjórnsýsluúttekt

Ríkisendurskoðun lauk stjórnsýsluúttekt sinni á Háskóla Íslands (HÍ) í apríl 2005. Þar kom fram að launakostnaður hefði aukist talsvert undanfarin ár en þó teldist skólinn ódýr miðað við sambærilega háskóla í nágrannalöndunum. Þannig væru tekjur HÍ á hvern nemanda lægri en þeirra erlendu skóla sem borið var saman við. Engu að síður taldi Ríkisendurskoðun að HÍ hefði náð ágætum árangri á mörgum sviðum, t.d. þegar horft væri til fjölda útskrifaðra nemenda í grunn- og meistaranámi. Þá sýndi alþjóðlegur samanburður að akademískir starfsmenn skólans væru iðnir við að birta greinar í ritryndum erlendum tímaritum.

Ríkisendurskoðun benti þó á ýmislegt sem betur mætti fara í starfseminni. Ábendingum var beint til menntamálaráðuneytisins og HÍ. Að auki var í skýrslunni varpað fram nokkrum spurningum sem lutu að ýmsum þáttum stjórnunar og rekstrar og skipulags háskólamála almennt hér á landi.

Fjöldi ábendinga: 7
Framkvæmdar: 5
Framkvæmdar að hluta: 2

Markmið þessarar athugunar var að kanna hvernig brugðist hefði verið við ábendingum Ríkisendurskoðunar. Upplýsinga var aflað hjá menntamálaráðuneytinu og Háskóla Íslands.

Ríkisendurskoðun telur að 5 ábendingar af 7 hafi verið framkvæmdar og 2 að hluta.

Ábendingar 2005	Viðbrögð	Mat 2008
1. Lagt er til að stjórnvöld og HÍ móti sem fyrst skýra stefnu um framtíðarþróun skólans, verkefni og markmið.	<i>HÍ og menntamálaráðuneytið hafa gert með sér samning sem gildir á tímabilinu 2007–2011. Markmið og stefna samningsaðila eru skilgreind í samningnum og er honum ætlað að tryggja gæði kennslu og rannsókna við HÍ.</i>	<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>
2. HÍ getur valið milli þriggja leiða til að bæta fjárhagsstöðu skólans sem þurfa ekki að útiloka hver aðra:		<i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i>
A. Skólinn reyni að laga starfsemi sína að núverandi fjárhagsstöðu, t.d. með því að takmarka fjölda nemenda og fara sér hægar við að byggja upp framhaldsnám og rannsóknarstarfsemi.	<i>HÍ hefur ekki takmarkað aðgangshæimildir með beinum fjöldatak-mörkunum umfram það sem gert var árið 2005. Skólinn hefur á undanförunum árum ekki efnt til nýrra námsleiða á meistarastigi nema fjárhagsforsendur hafi verið tryggðar.</i>	

<p>B. Reynt verði að hemja kostnað og hagræða í rekstri, t.d. með því að draga úr kennslu tiltekinna námsgreina eða leggja þær af eða takmarka aðgangsheimildir stúdenta að greinum og auka kröfur um námsframvindu.</p> <p>C. Skoðað verði hvort unnt sé að auka tekjur HÍ með meiri fjárveitingum úr ríkissjóði, skólagjöldum eða auknum styrkjum.</p>	<p><i>Ekki hefur verið dregið úr kennslu tiltekinna námsgreina eða þær lagðar af en til að stuðla að fjárhagslegu jafnvægi hefur ítrasta aðhalds verið gætt í launamálum og mannaráðningum.</i></p> <p><i>Fjárveitingar til HÍ munu aukast um 640 m.kr. á ári fram til 2011 samkvæmt fyrrgreindum samningi. Sértekjur HÍ jukust úr um 2,4 ma.kr. í um 4,3 ma.kr. á tímabilinu 2005–2007.</i></p>	
<p>3. Lagt er til að ábyrgð deildarforseta og staða rektors gagnvart þeim verði skýrð.</p>	<p><i>Störf forseta fræðasviða fela í sér meiri völd og ábyrgð en deildarforsetar höfðu áður. Forseti er æðsti yfirmaður fræðasviðs og ber skilgreinda ábyrgð.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i></p>
<p>4. Lagt er til að farið verði yfir verkaskiptingu miðlægrar stjórnslu og einstakra deilda og skilgreint hvaða þjónustu stjórnslan eigi að veita deildunum.</p>	<p><i>Unnið er að því að skilgreina verkaskiptingu milli miðlægrar stjórnslu annars vegar og fræðasviða hins vegar.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</i></p>
<p>5. Lagt er til að kannað verði hvort sameina eigi deildir eða auka samstarf milli þeirra og mynda þannig sterkari og hagkvæmari einingar.</p>	<p><i>Endurskoðað skipulag og stjórnkerfi Háskóla Íslands var samþykkt í október 2007. Sameining HÍ og Kennaraháskóla Íslands tók gildi í júlí 2008. Samkvæmt nýju skipulagi mun Háskóli Íslands skiptast í fimm fræðasvið sem hvert um sig skiptist í 4–6 deildir.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i></p>
<p>6. Lagt er til að fjármálastýring HÍ verði styrkt og eftirlit aukið með rekstri deilda og annarra starfseininga skólans.</p>	<p><i>Fjármálasvið er eitt af fimm sviðum stjórnslunnar og hefur verið aðskilið frá framkvæmda- og tæknisviði. Fjármálastjóri hefur verið ráðinn og starf innri endurskoðanda stofnað. Reiknilkani sem notað er við dreifingu framlaga milli deilda skólans hefur verið breytt og eru þau nú meira árangurstengd en áður. Þá hefur fjármálanefnd háskólaráðs og fjármálasvið sameiginlegar stjórnslu eftirlit með framkvæmd fjárhagsáætlana.</i></p>	<p><i>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</i></p>

Ábendingar 2005**Viðbrögð****Mat 2008**

7. Lagt er til að kannað verði hvort HÍ skuli taka meiri ábyrgð á launamálum starfsmanna í stað þess að hlíta ákvörðun kjaranefndar.

Miðlægir kjarasamningar eru gerðir við ríkið en HÍ hefur gert stofnansamning við starfsfólk. Kjararáð úrskurðar ekki lengur um laun prófessora.

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.